

Til foreldra og nemenda í Hofsstaðaskóla

Allir nemendur í Hofsstaðaskóla taka þátt í landsleiknum **ALLIR LESA** en valkvætt er hvort nemendur taki jafnframt þátt í lestrarátaki **Ævars vísindamanns**“

Allir lesa:

Landsleikurinn **ALLIR LESA** fer fram í fyrsta sinn **17. október til 16. nóvember 2014** og lýkur á degi íslenskrar tungu. Þetta er einfaldur leikur sem allir geta tekið þátt í en hann felst í því að þátttakendur skrá lestur sinn í lestrardagbók á vefnum allirlesa.is og taka þátt í liðakeppni sem er í svipuðum dúr og t.d. *Hjólað í vinnuna*. Þau lið sem **verja mestum tíma í lestur** á keppnistímanum standa uppi sem sigurvegarar.


Markmiðið með leiknum er að **auka lestur íslensku þjóðarinnar** og fá fleiri til að njóta þess sem lesturinn færir hverjum og einum.

Honum er ætlað að hvetja þá sem lesa til að lesa enn meira og hina sem lesa lítið eða ekki neitt, að hefja lesturinn. Umsjónarkennarar skrá nemendur í lið og kynnr fyrir nemendum og foreldrum hvernig nemendur skrá þann tíma sem þeir lesa.



Lestaráttak **Ævars vísindamanns**:

Átakið stendur frá 1. október 2014 til 1. febrúar 2015 og er hugarfóstur **Ævars Þórs Benediktssonar** leikara og dagskrárgerðarmanns. Þátttakendur í áttakinu lesa og forráðamenn kvitta fyrir hverja bók sem lesin hefur verið á sérstakan miða. Þegar barnið hefur lesið þrjár bækur er miðinn gildur og má skila honum í sér merktan kassa á bókasafni skólans. Miðana er hægt að nálgast á heimasíðu átaksins [hér](http://her) og á bókasafni skólans. Það má lesa hvernig bækur sem er; sögubækur, teiknimyndasögur, ævintýrabækur eða lestrarbók úr skólanum. Því fleiri bækur sem barnið les, því meiri möguleika á það að fá verðlaunin. Í febrúar 2015 dregur **Ævar** út fimm nöfn úr öllum innsendum miðum. Verðlaunahafarnir verða gerðir að persónum í nýrri ævintýrabók sem kemur út næsta vor og heitir **BERNSKUBREK ÆVARIS VÍSINDAMANNS: RISAÆDLUR Í REYKJAVÍKI**! Nánari upplýsingar má finna [hér](http://her) á heimasíðu verkefnisins.



Með lestrarkveðju,

Skólastjórnendur og

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafnsfræðingur